

Ed.

398. Frumvarp til laga

[172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Guðmundi Gíslasyni bónda á Kársstöðum í Helgafellssveit eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Guðmundar Gíslasonar bónda á Kársstöðum í Helgafellssveit, að fengnum meðmælum hreppsnefndar Helgafellssveitar og umsögn Leifs Kr. Jóhannessonar héraðsráðunautar, og fylgja umsagnir nefndra aðila hér með.

Arnarstöðum, 26. febrúar 1966.

Á fundi hreppsnefndar Helgafellssveitar 24. þ. m., þar sem mættir voru 4 hreppsnefndarmenn, kom til umræðu og afgreiðslu erindi Guðmundar Gíslasonar bónda á Kársstöðum, þar sem hann óskar eftir meðmælum hreppsnefndarinnar um kaup á eyðijörðinni Örlygsstöðum hér í sveit.

Álit hreppsnefndarinnar er, að Kársstaðir séu ekki nægjanlega landstór jörð fyrir utan fjallland, til þess að þar séu möguleikar á því að reka þar bú samkvæmt nútímakröfum, sem framfleytt geti fjölskyldu. Lönd þessara jarða liggja saman, og land Örlygsstaða er of lítið til nútíma búreksturs, en báðar jarðirnar eru til samans góð bújörð.

Að umræðum loknum samþykkti hreppsnefndin samhljóða að mæla með því, að Guðmundur Gíslason fái keypta eyðijörðina Örlygsstaði og verði hún sameinuð jörðinni Kársstöðum.

Þess skal og getið, að mæðiveikigirðing liggur um land Kársstaða og rýrir að ráði land jarðarinnar í nálægð bæjar og túns.

Virðingarfyllt,

f. h. hreppsnefndarinnar,

Haukur Sigurðsson.

Yfirlýsing.

Undirritaður mælir með, að Guðm. Gíslason bóndi, Kársstöðum í Helgafellssveit, fái jörðina Örlygsstaði í sömu sveit keypta.

Jarðir þessar liggja saman, og er eðlilegt, að þær verði sameinaðar, þar sem Kársstaðir hafa takmarkað land og Örlygsstaðir svo landlítill, að ekki er möguleiki á, að þær verði rekinn sæmilegur búskapur, enda eyðijörð síðustu 29 árin.

Kársstaðir hafa orðið fyrir landskerðingu vegna mæðiveikigirðingar, sem gerð var árið 1939, og ekki líkur fyrir, að jörðin fái það land aftur í náinni framtíð.

Til þess að Kársstaðir hafi skilyrði til nútíma búreksturs, þarf jörðin viðbótarland, og verður þá eðlilegast, að Örlygsstaðir falli undir hana.

Stykkishólmi, 28. febrúar 1966.

Leifur Kr. Jóhannesson, héraðsráðunautur.